

Alþingi

Erindi nr. P 137/10

DAGSETNING komudagur TILVÍSUN 25.5.2009

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
vt. Eiríkur Áki Eggertsson  
nefndarritari  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 25. maí 2009 02-2009050495  
T-ums 22/09


**Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja - 1. mál, þskj. 1.**

Með tölvupósti þann 20. maí 2009 var ríkisskattstjóra veittur kostur á að gefa umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslegra mikilvægra atvinnufyrirtækja - 1. mál, þskj. 1.

Frumvarpið er samhljóða frumvarpi sem flutt var á síðasta þingi en varð ekki að lögum fyrir þinglok (sjá 411. mál, þskj. 696). Með umsögn dags. 17. mars 2009 vakti ríkisskattstjóri athygli á að með frumvarpinu væri verið að leggja til að stofnaður yrði skattskyldur lögaðili skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, enda væri ekki að finna frumvarpinu ákvæði sem kvæði á um að opinbera hlutafélagið skuli hafa skattalega sérstöðu. Ríkisskattstjóri leyfir sér að áréttta þessi orð en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við efni frumvarpsins enda um pólitíska ákvörðun að ræða.

Virðingarfyllst

  
Guðrún J. Jónsdóttir

  
Skúli Eggert Þórðarson